

OPINN FUNDUR UM FINGER

ÞRIÐJUDAGINN 16. MAÍ, KL. 15:00



Professor Miia Kivipelto sem skipulagði og stjórnaði rannsókninni **FINGER** mun kynna helstu niðurstöður.

Miia hefur lengi unnið að rannsóknum í faraldsfræðum og forvörnum gegn heilabilun.

Hennar þekktasta framlag er skipulag og stjórnun á **FINGER** sem hófst í Finnlandi fyrir meira en áratug. Verkefnið fólst í skipulegri samsetningu á nokkrum forvarnaraðgerðum gegn heilabilun. Eins og venja er í vísindalegum rannsóknum var árangur borinn saman við svipaðan hóp sem ekki tók virkan þátt.

Verkefnið stóð í tvö ár og vakti árangurinn töluverða athygli og hefur orðið að fyrirmynd margra verkefna víða um lönd. Upphaflegum þátttakendum hefur nú verið fylgt eftir í 10 ár og mun Miia kynna þær niðurstöður á fundinum og setja í stærra samhengi.

Miia er geislandi fyrirlesari sem auðvelt á með að ná til áheyrenda.

Fundurinn er haldinn á vegum **Alheimersamtakanna** og **Heilbrigðisráðuneytisins**.

Fundurinn fer fram í **fundarsal Íslenskrar erfðagreiningar** við Sturlugötu 8 í Reykjavík.

Öll velkomin